

Alþingi
Erindi nr. Þ 143/1555
komudagur 8.4.2014

Umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu dregin til baka

Umsögn um þingmál 340 / 2014

08.04.2014

Umsagnaraðili: Per Ekström, kt. 260353-2099, Skógarseli 15, 109 Reykjavík

Ég mótmæli því að umsóknin verður dregin til baka.

Aðildarviðræðurnar eru langt komnar þó kannski erfiðasta kaflarnir eru ókláraðir. Á meðan við höfum ekki séð tilvonandi samning um inngöngu Íslands í ESB, verður aldrei upplýst hvaða sérlausnir eða undanþágur Ísland getur fengið. Næst því öll lönd sem hafa sótt um aðild hafa haft séróskir um málefni sem ekki voru í sambandi áður en viðkomandi land sótti um aðild, en þau gátu samt fengið sína óskir samþykktir og gengu inn í sambandið með sérlausnir. Þar má nefna Danmörk um rétt að kaupa sumarhús, Svíþjóð með „snuset“. Finnland og Svíþjóð fengu réttinn að styðja landbúnaðinn umfram það sem ESB gerir varðandi það svæði sem er norður fyrir 62. breiðargráðan. Dæmin eru mörg.

Ég þekki persónulega til þær undanþágur sem Finnland fékk fyrir Álandseyjar varðandi rétt að kaupa og eiga fasteignir í eyjunum og rétturinn að halda áfram að selja „tax free“ í samgöngutæki á ferð milli Álandseyja og ESB svæðis (Finnland, Svíþjóð og Eistland).

Ég var ráðuneytisstjóri efnahagsráðuneytisins í heimastjórn Álendinga 1994 – 1997 á meðan viðræður Finna um aðild að ESB stóðu yfir og Finnland gekk inn í sambandið 1995. Í samningnum milli Finnlands og ESB, sem var samþykktur af öllum aðildarríkjum og af Finnlandi og jafnvel af löggjafarþingi Álendinga, voru samþykktar undanþágur sem eru ótímabundnar og sem eru ekki hægt að breyta nema með samþykki löggjafarþinga Finna og Álendinga.

Maður getur sagt að þessar undanþágur gilda á sviðum sem tilheyra grundvallarregluverki sambandsins. Þar að auki fengu Finnar leyfi til að styðja landbúnaðinn á svæðinu (sem er fyrir ofan 62. breiddargráðu í landinu). Margir héldu að þetta væri ekki hægt á þessum tíma, en annað kom í ljós.

Í aðildarsamningi Finnlands er sérstök fundargerð vegna Álandseyja og þar er m.a. tekið fram:

1. Réttur til að kaupa og eiga fasteign í Álandseyjum heldur gildi sínu eins og hann var 1. jan. 1994 og Rómarsáttmálinn gildir ekki í þessu máli. Það þýðir að grundvallarforsenda til að geta átt fasteignir í eyjunum er að hafa ríkisborgarrétt á Álandseyjum.
2. Álandseyjar eru talin vera þriðja ríkis svæði samkvæmt regluverk 77/388/EEG. Þetta þýðir að eyjarnar eru fyrir utan skattssvæði ESB og m.a. er skatt- og tollfrjálsar vörur seldar áfram í millilandasiglingum og –flugi milli eyjanna og ESB-landa. Þessi grein var tekin inn með tilliti til þess að þessar samgöngur milli Álandseyja og aðallega Finnlands og Svíþjóðar eru lífsnauðsynlegar fyrir efnahag Álendinga.

Þessar staðreyndir fullvissa mig um að Ísland gæti fengið samsvarandi sérlausnir eða ótímabundnar undanþágur í málaflokkum sem eru lífsnauðsynlegar fyrir efnahaginn hér.

Klárurum viðræðurnar og þá eru það kjósendur landsins sem taka ákvörðun um inngöngu eða ekki.

Eins og hefur komið fram í skýrslunni, sem Alþjóðamálastofnun kynnti í gær, er mikill skaði ef umsóknin er dregin tilbaka og það er langur vegur ef Ísland vill hefja viðræður á nýjan leik.

Virðingafyllt

Per Ekström
Kt. 260353-2099
Skógarseli 15
109 Reykjavík.

S. 588-4898, gsm 698-0822
per@per.is